

Reglugerð Verkefnasjóðs ÍBR

1. Grein

Verkefnasjóður Héraðssambandsins ÍBR er sjóður til styrktar útbreiðslu og átaksverkefnum í íþróttastarfi í Reykjavík. Úthlutun skal sérstaklega taka mið af barnastefnu ÍBR og jöfnum möguleika allra til íþróttaiðkunar.

2. Grein

Fjárframlag ÍBR til sjóðsins skal árlega nema að lágmarki 5 milljónum króna á verðlagi 1. júní 2004 eða í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun ÍBR þings. Sjóðstjórn er heimilt að leita eftir viðbótarfjármagni frá öðrum aðilum.

3. Grein

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn úr stjórn ÍBR, og skulu þeir valdir á fyrsta fundi nýskipaðrar stjórnar og sitja fram að næsta ÍBR þingi. Formaður almennings- og útbreiðsluviðs skal vera formaður sjóðsstjórnar.

Hlutverk stjórnar er að úthluta fé úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja. Starfsmaður sjóðsstjórnar skal vera valinn úr starfsliði ÍBR skrifstofu

4. Grein

Umsækjendur skulu vera aðilar að ÍBR, félög eða einstakar deildir félaga. Sjóðsstjórn er heimilt að úthluta styrkjum til aðila utan vébanda ÍBR, enda muni viðkomandi verkefni verða íþróttalífi og félögum í Reykjavík til hagsbóta.

5. Grein

Í umsóknum skal tilgreina:

1. Heiti umsækjanda.
2. Tengsl umsækjanda við félag, deild eða starfsemi í Reykjavík
3. Lýsing á verkefninu með tímaáætlun og markmiðum.
4. Fjárhagsáætlun fyrir verkið
 - a. sundurliðuð áætlun, tekjur og gjöld.
 - b. Áætlað framlag sjálfboðaliða í verkefninu í klukkutímum talið.
5. Upphæð sem sótt er um.
6. Annað er þurfa þykir.

6. Grein

Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar. Verði umsókn samþykkt til styrkveitingar skal sjóðsstjórnin ákveða hversu háan styrk viðkomandi verkefni hlýtur

Styrkveitingar, sem sjóðstjórn ákveður, skulu bornar undir stjórn ÍBR til staðfestingar.

Umsækjanda skal sent rökstutt svar við umsókninni.

Sjóðsstjórn ákveður fyrirkomulag hvers styrks. Styrkur getur verið í formi peninga og / eða þjónustu og vinnuframlags starfsmanna ÍBR.

Greiðsla styrks fer fram í verklok gegn afhendingu skýrslu frá styrkþega um verkefnið.

7. grein

Reglugerð þessi tekur gildi þegar stjórn ÍBR hefur staðfest hana og gildir þar til stjórn ÍBR ákveður annað.